

## AUGLÝSING

### um komu- og brottfararstaði.

Ákveðið hefur verið að brottför úr landi og koma til landsins skuli heimil um eftirtaldar hafnir og flugvelli:

#### I. Hafnir:

Reykjavík  
Akranes  
Patreksfjörður  
Ísafjörður  
Sauðárkrókur  
Siglufjörður  
Akureyri  
Húsavík  
Seyðisfjörður  
Neskaupstaður  
Eskifjörður  
Reyðarfjörður  
Fáskrúðsfjörður  
Vestmannaeyjar  
Þorlákshöfn  
Keflavík  
Hafnarfjörður

#### II. Flugvellir:

Reykjavíkurflugvöllur  
Ísafjarðarflugvöllur  
Sauðárkróksflugvöllur  
Akureyrarflugvöllur  
Egilsstaðaflugvöllur  
Hornafjarðarflugvöllur  
Vestmannaeyjaflugvöllur  
Keflavíkflugvöllur

Auglýsing þessi sem gefin er út samkvæmt 3. gr. reglugerðar um íslensk vegabréf, nr. 169 22. apríl 1987, og 17. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum, nr. 148 3. september 1965, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um komu- og brottfararstaði fyrir útlendinga hér á landi, nr. 203 1. nóvember 1965.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. júní 1987.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Starfssjóð Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. maí 1987.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Starfssjóð Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Hann er stofnaður af Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund með gjafabréfi dags. 28. desember 1982 í tilefni af 60 ára